



## Stjórn SSH 520. fundur

Mánudaginn 15. febrúar 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Málafni skíðasvæðanna - Framkvæmdir á skíðasvæðunum / málsnr. 1501005

Á 516. fundi stjórnar SSH var skrifstofu SSH falið að vinna að viðauka við Samkomulag um endurnýjun og uppbyggingu á mannvirkjum skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins frá 7. maí 2018, til samræmis við framlagðar tillögur verkefnahóps um breytta tíma- og kostnaðaráætlun. Umræddur viðauki hefur nú verið samþykktur á vettvangi allra hlutaðeigandi sveitarfélaga. Fyrir fundinum liggur minnisblað VSÓ vegna fyrirhugaðs innkaupaferlis. Gestir fundarins undir þessum lið eru Einar Kristján Stefánsson frá VSÓ og Margrét Lilja Gunnarsdóttir, innkaupaskrifstofu Reykjavíkur.

#### Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar og málið tekið fyrir að nýju á fundi stjórnar SSH hinn 1. mars 2020. Framangreint verði kynnt á vettvangi þeirra sveitarfélaga sem óska eftir slíkri kynningu.

### 2. Sóknaráætlun – Áhersluverkefni 2021 / málsnr. 1906002

Á 515. fundi stjórnar SSH var ákveðið að birta auglýsingu þar sem óskað var eftir styrkumsóknum úr sjóði sem styðja á við nýsköpunarverkefni á sviði ferðaþjónustu og sjálfbærni, en um er að ræða eitt af áhersluverkefnum sóknaráætlunar 2020-2024. Á 516. fundi stjórnar voru Rósa Guðbjartsdóttir, Rannveig Grétarsdóttir og Þorleifur Þór Jónsson skipuð í úthlutunarnefnd sjóðsins. Framlengdur umsóknarfrestur rann út hinn 31. janúar 2021 og bárust alls 14 umsóknir um styrki úr sjóðnum. Samkvæmt starfsreglum sjóðsins er úthlutunarnefnd ætlað að skila tillögum um styrkveitingar til stjórnar SSH sem tekur endanlega ákvörðun um úthlutun og liggja tillögur nefndarinnar fyrir fundinum.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH fellst á tillögur úthlutunarnefndar um styrkveitingar úr sjóðnum. Þá er skrifstofu SSH, í samráði við úthlutunarnefnd, falið að gera samninga við styrkþega, sbr. 6. gr. starfsregla sjóðsins. Úthlutunarnefnd er jafnframt falið að tilkynna öllum umsækjendum um afdrif umsókna þeirra og þá



er skrifstofu SSH falið að tilkynna um úthlutun á vefsíðu samtakanna, eftir að áðurgreindir samningar hafa verið gerðir, sbr. 6. gr. starfsreglnanna.

### 3. Samgöngusáttmálinn – fjármagnsskipan Betri samgangna ohf. / málsnr. 2012003

Fyrirliggjandi er minnisblað frá stjórn Betri samgangna ohf. þar sem lagðar eru fram tillögur að mögulegum útfærslum fjármagnsskipunar félagsins, ásamt minnisblaði PwC varðandi þær útfærslur sem eru færar í því efni. Framkvæmdastjóri SSH hefur fundað með fjármálastjórum og endurskoðendum sveitarfélaganna vegna þessa. Gestir fundarins undir þessum lið eru Davíð Þorláksson framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. og Birgir Björn Sigurjónsson frá Reykjavíkurborg. Davíð Þorláksson kynnir tillögur um fjárflæði.

Lagt fram til kynningar.

Framangreint verði kynnt á vettvangi þeirra sveitarfélaga sem óska eftir slíkri kynningu.

### 4. Aðalfundur 2020 / málsnr. 2009001

Fyrirliggjandi er erindi Sveins Óskars Sigurðssonar, bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ og fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, þar sem gerðar eru í nokkrum liðum athugasemdir við starfshætti svæðisskipulagsnefndar og gæðastjórnun í starfi SSH og nefndarinnar. Erindið var lagt fyrir 516. fund stjórnar SSH hinn 7. desember 2020 og var því þá vísað til skrifstofu SSH. Fyrir fundinum nú liggur minnisblað Hildigunnar Hafsteinsdóttur lögfræðings SSH þar sem fram kemur greining og afstaða til umræddra ábendinga. Jafnframt er fyrirliggjandi bréf framkvæmdastjóra SSH þar sem fram koma tillögur um viðbrögð á grundvelli framangreinds.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn leggur til við svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins að hún hefji rýni á nágildandi starfsreglum sínum með það að markmiði að endurskoða þær m.a. með tilliti til aukinnar skilvirkni og skýrleika og þess verklags sem nefndin telur best henta starfseminni.

### 5. Önnur mál

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13:15